206

Ég undirskrifaður Jón Jónsson á Holti í Stokkseyrarhreppi

játa hér með, að eg er skuldugur orðinn við J. R. B. Lefoliis verzlun á Eyrarbakka um kr. 603,00 —

sex hundruð og þrjár krónur —

sem eg hér með skuldbind mig til að borga, sem hér segir, ásamt því, er eg kann að fá lánað framvegis:

Fyrir 31. júlí 1900 afborga ég 200 krónur og úr því 100 krónur á hverju ári fyrir sama gjaldaga, svo að ég verði skuldlaus við verzlunina 31. júlí 1904.

Sé skuldin ekki borguð í réttan gjalddaga, ber mér að greiða af henni 4 % p. a. frá ~~þeim degi, sem hún er stofnuð, samkvæmt viðskiftareikningi við verzlunina~~ þeim gjalddaga, er vanskil verða.

Skyldi málssókn rísa út af skuld þessari sökum vanskila minna, undirgengst eg að mæta fyrir aukarétti Árnessýslu á Eyrarbakka og greiða allan af málinu leiðandi kostnað, lánardrotni að skaðlausu.

Til tryggingar fyrir skilvísri borgun skuldarinnar, sem ofan er greint, veðset eg hér með J. R. B. Lefoliis verzlun með 1. veðrétti hálfa jörðina Skálmholt í Villingaholtshreppi

er standa skal sem veð fyrir skuldinni, þar til henni er allri lokið, verzluninni að skaðlausu, og er veðið bindandi fyrir alt að kr. 800,00

Veðbréfi þessu má þinglýsa á minn kostnað, án þess að eg sé tilkvaddur.

Eyrarbakka, 19. september 1899.

Jón Jónsson.

Vottar að því, að undirskrift og dagsetning sé rétt
a. u. s.

Guðm. Guðmundsson.

G. Oddgeirsson.

Lesið á manntalsþingi að Vælugerði 6. júní 1900 og innfert í afsals- og veðbrjefabók Árnessýslu, ltr. J. nr. 200, bls. 99.

Sigurður Ólafsson

Gjald:
þinglestur og bókun kr. 2.00
— tvær krónur.
S. Ó.

Ísafoldarprentsmiðja

Sm. vid

Hinsvegar ritud skuld er borgud og aflýsing því heimil

Eyrarbakka 15. júní 1909.

P. Nielsen

Hinn 28. júlí 1909 er veðbrjefs þessa fyrirfram getið í afsals- og veðbrjefabók Árnessýslu, ltr. L, nr. 179, bls. 83, til aflýsingar í Villingaholtshreppi 1910.

Sigurdur Ólafsson

Gjald: Aflýs. Kr. 1.00
— ein króna —

J.Ó.